

Sveitarfélagið Hornafjörður
Hafnarbraut 27
780 Höfn í Hornafirði

Reykjavík, 24.01.2022
UST202103-096/S.M.
08.14.02

Reglubundið eftirlit á urðunarstað Sveitarfélagsins Hornafjarðar

Þann 6. október sl. fór fram reglubundið eftirlit á urðunarstað Sveitarfélagsins Hornafjarðar í Lóni. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Engin ábending var gerð í eftirlitinu en eitt frávik kom fram er varðar:

1. Gr. 3.2 í starfsleyfi, sbr. 20. gr. reglugerðar nr. 738/2003 um urðun úrgangs.
Rekstraraðili skal koma í veg fyrir að vatn geti safnast í úrganginn. Vatn var í eldri gryfjum þar sem lokafrágangur hefur farið fram.

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 14. febrúar 2022.

Virðingarfyllst

Sigríður Magnúsdóttir
Sérfræðingur

Steinunn Karlsdóttir
Sérfræðingur